

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 322/2019

2020/EES/14/50

frá 13. desember 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/350 frá 8. mars 2018 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB að því er varðar mat á umhverfisáhættu vegna erfðabreyttra lífvera ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 25d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 L 0350**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/350 frá 8. mars 2018 (Stjtíð. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2018/350, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 30.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.